

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10% — tíu af þúsundi — af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús kr. 60.00 og fast gjald á hverja íbúð umfram eina í húsi kr. 10.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglu-mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu í Hnífsdalskaupþúni.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, enda er vatnsveitan eign hreppsins. Hreppsnefndin hefur einkarétt til starfrækslu vatnsveitu í Hnífsdalskaupþúni.

2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum í kaupþúninu, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu hreppsins í Hnífsdal, skal greiða vatnsskatt árlega, er sá 5% — fimm af þúsundi —, af fasteignamatsverði húsanna, þó aldrei minna en kr. 40.00.

Af peningshúsum, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu kaupþúnsins, skal greiða 15% — fimmtán af þúsundi — af fasteignamatsverði þeirra, þó ekki yfir kr. 40.00 af húsi.

3. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki, og aðra er nota vatn úr téðri vatnsveitu til annars en áður er fram tekið, sbr. 2. gr., skal ákveðinn 18% — átján af þúsundi — af fasteignamati, nema um annað hafi náðst samkomulag milli hreppsnefndar Eyrarhrepps og hlutaðeigandi aðila. Þó skal það samkomulag ávallt vera í samræmi við gildandi vatnalöggjöf.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka húsaleigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. júlí ár hvert. Vatnsskattur hefur lögtaksrétt og nýtur lögveðréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Húseigendum ber að greiða kostnað við lagningu vatnsæða úr götuæðum kaup-
túnsins að húsum sínum og í þau. Hreppsnefndin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar kaup-
túnsins, og séu þeir skyldir að hlíta þeim reglum, er hreppsnefnd setur.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsrörlagningamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett kunna að vera í sambandi við þær.

9. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatns-
veitu kaup-
túnsins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

10. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna viðgerða á vatnsveitukerfinu.

Þá er og heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis hreppsnefndar eða þess, er hún felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.